


Sestu og lestu







Vélmenni í grasinu

Kærar þakkir fær Ólína Stefánsdóttir,
nemandi í 4. bekk í Hlíðaskóla, fyrir að
hafa gefið vélmanninum mínum nafn.

Höf.



Vélmennið í grasinu

ISBN: 978-9979-0-1956-5

© 2015 Gunnar Theodór Eggertsson
© 2015 teikningar og myndasögur Ari Hlynur Guðmundsson
Skrá yfir ljósmyndir á bls. 56

Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir
Ráðgjöf: Þóra Rósa Geirsdóttir, Aldís Yngvadóttir

1. útgáfa 2015
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Optima 14 pt.
Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun
Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
– Umhverfisvottuð prentsmiðja

Sestu og lestu

Vélmenni í grasinu



Gunnar Theodór Eggertsson
Ari Hlynur Guðmundsson teiknaði myndir

Námsgagnastofnun

Efnisyfirlit

Tröllkarlinn 5
Myndasaga 10
Járnfólkið 11
Leynistofan 15
Uppvakningurinn 19
Maðurinn í húsinu 24
Myndasaga 30
Einmana vélmenni 31
Eldsvoði 35
Listamaðurinn 40
Myndasaga 45
Viltu vita meira? 46
Úrvinnsla 54

Sestu lestu



Í þessari sögu fylgist þú með Þóru sem fer í sumarfrí til pabba síns austur á Seyðisfjörð.

Þú ættir að byrja á að skoða teikningarnar og velta fyrir þér söguþræðinum.

Í bókinni sérðu víða svona blöðrur
Þær eru til að þú **staldrir við**
og hugsir um það sem þú varst að lesa.

Það er líka gott að rifja upp söguna að loknum lestri.

Aftast í bókinni eru fróðleiksmolar um vélmenni. Suma viltu kannski lesa oftar en einu sinni.





Tröllkarlinn

Þóra sat ofan á ferðatöskunni sinni fyrir framan flugvöllinn á Egilsstöðum og hafði fylgst með öllum hinum farþegunum hverfa inn í bílana þegar kunnuglegur jeppi kom brunandi inn á bílaplanið.

– Fyrirgefðu, elskan mín, hvað ég er seinn!

– Ekkert mál, svaraði Þóra. Hún var löngu orðin vön því hvað pabbi gat verið annars hugar þegar hann vann að myndlistinni.

Hvað merkir *að vera annars hugar?*

– Ég gleymdi mér alveg við að mála, útskýrði hann, en bíddu bara þangað til þú sérð tröllkarlinn sem ég er að búa til! Hann er alveg hrikalegur.

Þóra kinkaði kolli og brosti. Pabbi hennar hafði verið að vinna á Seyðisfirði allt sumarið og Þóra fékk loksins að koma í heimsókn.

– Er sýningin þín tilbúin? spurði hún þegar þau keyrðu af stað.



– Næstum því, svaraði pabbi, hún verður opnuð eftir viku. Þú nærð að sjá hana áður en við förum aftur heim!

– Ég hlakka til, sagði Þóra og horfði út í þokuna sem lá yfir fjöllunum í kring. Þau keyrðu niður fjallshlíðina og komu ofan í fjörðinn þar sem bærinn lá meðfram sjónum.


Pabbi benti Þóru á hin ýmsu hús, hótelið, sundlaugina, skólann, kaffihúsið, kjörbúðina, listasafnið og loks húsið sem hann hafði leigt yfir sumarið.

Hún virti húsið fyrir sér á meðan pabbi hennar dröslaði töskunum upp á herbergi. Það stóð rétt fyrir neðan háan foss, grátt að utan með bláu bárujárnsþaki, á tveimur hæðum og fullt af gamaldags húsgögnum. Húsið minnti stúlkuna frekar á Árbæjarsafn heldur en íbúðina þeirra í Reykjavík þar sem mamma hennar var nú ein með kisunum.

Um hvaða stúlku er verið að tala hér?

– Ókei, drífum okkur nú niður í gallerí! Ég hlakka svo til að sýna þér tröllkarlinn minn!

Tröllið stóð tignarlegt úti á miðju gólfi, svo hátt að það snerti næstum loftið. Líkaminn var gerður úr grjóti, trjám, njólum, stráum og hinu og þessu rusli og drasli úr bænum. Pabbi hennar hafði málað steinana í ótal litum og fest allt saman með sterkum vír þannig að karlinn stóð uppréttur, eins og lifandi þjóðsagnavera, og starði niður á Þóru litlu með risavöxnum augum úr hjólkoppum.



– Jæja, hvernig líst þér á nýja hálfbróður þinn?

– Rosa flottur, bara, svaraði Þóra og starði á móti framan í risann.

– Þú ert ekkert hrædd við hann, er það? bætti pabbi hennar við þegar hann sá hvað stelpan var skrítin á svipinn. Hann er voða góður karl.

Þóra hristi höfuðið.

– Nei, nei, svaraði hún, mér finnst hann í alvöru bara flottur.

Hvernig ætli Þóru hafi raunverulega liðið?

Hann leit í raun og veru ekkert út eins og raunverulegur tröllkarl, heldur var hann greinilega listaverk og stytta. Þóra ímyndaði sér samt að hann gæti allt í einu byrjað að ganga, skref fyrir skref, út úr galleríinu, tekið hana upp á háhest og þotið með hana upp á fjöll, lengst inn í einhvern ævintýraheim.


– Ef þér finnst þessi flottur, ættirðu að sjá brotajárnskarlana frá Friðfinni gamla, útskýrði pabbi og leiddi hana út á pall. Hann benti út með firðinum, burt frá bænum.


Kíktu! Sérðu bæinn þarna undir fjallinu?
Já, ég sé gamalt hús og alls konar drasl á víð og dreif.
Sérðu ekki karlana sem Friðfinnur bóndi smíðaði? Ég fékk hugmyndina að tröllinu þarna.


Hjálpaði Friðfinnur þér að smíða tröllið?
Nei, nei. Hann er löngu dáinn. Nú eru bara járnkarlarnir þarna.


Mig langar að skoða þessa karla.


Já, við skulum fara í heimsókn á eftir.



Járnfólkið

– Ég fann hann! hrópaði Þóra æst og benti inn í lítinn helli fyrir ofan eyðibýlið. Ég fann síðasta járnkarlinn!

– Glæsilegt! svaraði pabbi hennar og veifaði frá fjallsrótunum.

Þóra sat hjá fjórtánda járnkarlinum við hellis-munnann og horfði út á haf.

Hvað eru fjallsrætur?

Fæturnir voru pípulagnir, búkurinn bílvél, hendurnar veiðistangir með löngum skrúfufingrum og höfuðið brotið útvarpstæki með eineygðu bílljósi í miðjunni.

Pabbi var vopnaður – var hann með vopn?

Pabbi læddist upp til þeirra, vopnaður myndavél, og smellti einni af þessum furðulegu félögum.

– Þetta eru flottustu styttur sem ég hef á ævinni séð, sagði hann og brosti. Ef fólkið í þorpinu þurfti að losa sig við gamlar vélar og varahluti var Friðfinnur alltaf spurður hvort hann vildi hirða draslið og aldrei sagði hann nei við því. En hann sýndi aldrei neinum stytturnar sínar og öllum í sveitinni fannst hann vera hálfgerður rugludallur.



– Átti hann enga fjölskyldu? spurði Þóra og klappaði karlinum á höfuðið.

– Nei, Friðfinnur var einbúi eftir því sem ég best veit.

Hvað er að vera einbúi?

– Þess vegna gerði hann alla þessa karla, sagði Þóra, því hann hefur sjálfur verið svo einmana.

– Ætli það ekki, andvarpaði pabbi og þau sátu þögul hjá járnkarlinum um stund.

– Ég ætti eiginlega að fara aftur niður í gallerí og vinna dálítið fyrir kvöldmat, sagði hann loks, en þú mátt vera hér áfram ef þú vilt. Ratarðu ekki örugglega til baka?

Þóra kinkaði kolli. Það var bein leið eftir einum vegi, erfitt að villast. Svo var hún líka með farsíma.



– Farðu bara varlega og hringdu í mig ef eitthvað er!


Þóra gekk samferða pabba sínum niður fjallið en fór svo inn í bóndabæinn að skoða sig betur um. Hún virti fyrir sér gamalt og gleymt innbúið, ónýtt eldhús, skítuga stofu, brotið rúm. Sumstaðar var búið að krota á veggina. Einhver hafði kveikt bál í baðkerinu, sem var fullt af spýtum og ösku.

Af hverju skyldi Þóra hafa gleymt sér?

Þóra gleymdi sér alveg þarna inni og áður en hún vissi af var tekið að kvölda. Hún kvaddi járnkarlana og þrammaði af stað burt frá bænum, þegar hún hnaut skyndilega um eitthvað og féll kylliflöt fram fyrir sig.

Hún stóð á fætur og leit við. Í grasinu glitti í hurðarhún.





Leynistofan

Þóra velti fyrir sér hvort hún ætti að sækja pabba sinn og láta hann vita en stóðst ekki freistinguna að rannsaka málið upp á eigin spýtur. Hún greip í húninn og dyrnar opnuðust hægt með ískri. Niðri var kolniðamyrkur. Þóra dró fram símann sinn og stillti á vasaljós. Birtan var ekki mikil en nógu sterk til að lýsa upp þrep sem lágu niður í dimmuna.


Þóra *stóðst ekki freistinguna.* Hvað merkir það?

– Halló? kallaði stúlkan en heyrði ekkert nema bergmálið í sjálfri sér.

Lokið augunum og segið hvað þið sjáið fyrir ykkur.

Hún steig varlega niður fyrsta þrepið. Með hverju skrefi niður lýsti vasaljósið upp meira af neðanjarðarbyrginu. Hún sá glitta í stórar vélar, skreyttar tökkum, handföngum og mælum.
Á veggnum var útkrotuð og óskiljanleg krítartafla. Þar fyrir neðan stóð skrifborð falið undir fjalli af pappírum og skjölum. Þetta var einhvers konar leynileg vinnustofa. Loftið var þungt og gólfið rykugt. Greinilegt að enginn hafði komið hingað árum saman.

Þóra þorði varla að draga andann af spennu. Hún færði vasaljósið fram og aftur til að fullvissa sig um að enginn væri þarna niðri. Henni krossbrá þegar hún rak augun í eitthvað liggjandi á borði fyrir miðju herberginu. Stúlkan stóð hreyfingarlaus um stund. Stórt, hvítt, rykugt lak lá yfir öllu borðinu en undir því mátti greinilega sjá útlínur líkama.




Var þetta dauður maður? Þóra þorði ekki að athuga málið, heldur sneri sér með hraði aftur upp á við. Í þriðju tröppu skrikaði henni fótur svo hún greip í handfang á veggnum til að halda jafnvægi. Veggirnir tóku umsvifalaust að titra. Hræðilegar drunur fylltu herbergið. Þóra fékk ofbirtu í augun þegar loftljósin kviknuðu skyndilega. Það tók hana augnablik að venjast birtunni.

Af hverju ætli ljósin hafi kviknað?


Hvað merkir orðið *stjörf*?

Þegar hún leit í kringum sig sá hún að allar vélarnar voru blikkandi og urrandi, eins og ógurleg vélskrímsli að vakna af löngum svefni. Hún stóð stundarkorn stjörf í stiganum þar til hún tók eftir því að líkaminn undir lakinu var á hreyfingu. Fyrst færðist höfuðið upp, svo hendurnar, búkurinn og loks fóru fæturnir á skrið. Lakið rann hægt og rólega af verunni. Þóra var gripin ofsahræðslu og staldraði ekki við til að hitta þessa nývöknuðu ófreskju.

Hún hljóp eins og fætur toguðu upp úr holunni, skellti hurðinni á eftir sér og þaut heim að bænum án þess að líta nokkurn tímann við.



Hvað hefði Þóra gert ef hurðin hefði verið læst?



Uppvakningurinn

Þóra hringdi fimm sinnum í pabba sinn á hlaupunum en hann svaraði aldrei. Hún þaut á harðaspretti inn í galleríið en þar var enginn nema risavaxna tröllið sem stóð einmanalegt úti á miðju gólfi. Þóru hafði ekkert þótt það óhugnanlegt en núna var eins og það hefði skipt um svip. Það starði illilega niður til stúlkunnar og Þóra fann hræðsluna toga sig aftur út á götu. Úti var enginn á ferli.

Hvers vegna ætli Þóru hafi nú fundist eins og tröllið hefði skipt um svip?

Þóra reyndi enn einu sinni að hringja í pabba sinn. Ekkert svar.

– Til hvers að eiga síma ef maður svarar honum aldrei? kallaði hún pirruð út í loftið. Svo ráfaði hún niður götuna og endaði loks fyrir framan húsið þeirra. Pabbi hennar stóð í eldhúsglugganum, bograndi yfir súpupotti, gjörsamlega grunlaus um hætturnar sem dóttir hans hafði komið sér í.

– Pabbi! æpti Þóra á meðan hún æddi inn í eldhúsið á drullugum skónum. Af hverju svararðu ekki í símann þinn? Hann leit til hennar með furðusvip og byrjaði að biðjast afsökunar en Þóra hélt áfram að tala.

– Ég fann leyniherbergi hjá bóndabænum og þar niðri var Friðfinnur gamli liggjandi uppi á borði og svo rak ég mig í eitthvert tæki og þá lifnaði hann við!

Pabbi hélt áfram að hræra í súpupottinum.

– Nú, jæja? svaraði hann ósköp eðlilega. Og hvað sagði hann gott?

Ætli pabbi hafi trúað Þóru?

– Ég beið ekkert eftir því að heyra hann segja neitt, ég flýtti mér bara út! Skilurðu ekki, pabbi, þetta er uppvakningur! Hann gæti reynt að éta okkur og breytt okkur í lifandi dauða!

Hvað er uppvakningur?

Pabbi brosti bara og byrjaði að skammta súpu í skálar.

– Hefurðu aldrei horft á hryllingsmyndir? hélt Þóra áfram bálreið. Veistu ekki hvað uppvakningar geta verið hættulegir?

– Ég held að þú ættir nú ekkert að vera að horfa á svona lagað, svaraði pabbi hennar sallarólegur, þú ert með nógu frjótt ímyndunarafl nú þegar. Sestu nú, við skulum borða.



Hann vissi vel að dóttir sín væri dugleg að búa til sögur og ímynda sér ævintýri enda hafði hún oft platað hann áður með bulli. Samt var hún undarlega alvarleg í þetta sinn.

– Ég er ekki að bulla, útskýrði Þóra og hlammaði sér niður við matarborðið í útifötunum. Ég fann einhvern liggjandi ofan í leyniherbergi og lífgaði hann óvart við.



– Kannski var þetta einhver sem bjó þarna og var bara sofandi þegar þú vaktir hann, svaraði pabbi hennar, hefurðu hugsað út í það?

– Hver sefur í lokuðu neðanjarðar-herbergi? svaraði Þóra og gretti sig dálítið.

– Það er reyndar undarlegt, játaði pabbi og andvarpaði. Jæja þá, við skulum rölta eftir matinn en ekki fyrr!

Þóra brosti og kinkaði kolli. Hún hafði afar litla matarlyst en pabbi hennar borðaði í ró og næði og lék sér að því að pirra Þóru með rólegheitunum. Hann fékk sér þrefaldan skammt af grænmetissúpu og ristaði líka brauð. Loksins steig hann á fætur og leiddi stúlkuna út í bíl.

– Jæja, sýndu mér þá þennan uppvakning!

Af hverju ætli pabbi hafi verið að pirra Þóru?



Maðurinn í húsinu

Þóra beið úti á meðan pabbi hennar fótaði sig varlega niður í leyniherbergið. Ljósin voru slökkt og ekkert heyrðist frá vélunum sem höfðu áður urrað svo hræðilega. Langt var liðið á kvöldið og Þóru leið eins og grafarræningja.

– Sérðu hann? hvíslaði Þóra niður í myrkrið. Hún sá pabba sinn ekki.

– Pabbi? spurði hún ögn hærra. Ekkert svar.

Skyndilega kviknaði ljós svo Þóra fékk ofbirtu í augun.

– Þetta er stórmerkilegur fundur! heyrði hún pabba sinn segja. Ég verð að koma í betra tómi og rannsaka þetta betur!

Hann hafði kveikt á vasaljósinu sínu og dáðist nú að vélunum sem prýddu veggina.

– Þetta eru alveg eldgamlar tölvur. Hver hefur haft efni á þessu?

Þóra nennti ekki að hlusta á þetta þvaður.

– Er maðurinn þarna? kallaði hún svo undir tók í neðanjarðarbyrginu. Pabbi hennar stakk höfðinu upp úr holunni og hristi höfuðið.

– Enginn hér niðri nema ég, svaraði hann og skreið upp þrepin.

– Þá hlýtur hann að hafa sloppið út, muldraði Þóra. Kannski er hann farinn inn í bæ og þegar byrjaður að éta fólk! Hann gæti safnað í heilan uppvakningaher áður en nóttin er liðin!

Hver var munurinn á viðbrögðum Þóru og pabba?

– Róleg, róleg, sagði pabbi og klappaði Þóru á kollinn, við skulum byrja á að kíkja niður að bóndabænum áður en við förum að hafa áhyggjur af einhverjum uppvakningum.

Hann gekk af stað í átt að gamla bæjarstæðinu. Þóra læddist hæglát á eftir, hrædd um að ganga í veg fyrir skrímsli á hverri stundu. Hún var svo upptekin að fylgjast með skuggunum í kringum sig að hún tók ekki eftir því sem hafði komið fyrir gamla eyðibýlið.

– Ég – ég trúi þessu ekki! kallaði pabbi og tók andköf. Hvað hefur eiginlega komið fyrir?

Þóra virti bæinn fyrir sér og þekkti hann ekki aftur.

– Ertu viss um að við séum á réttum stað? spurði hún. Eru fleiri hús hérna í kring?

– Nei, svaraði pabbi hennar, þetta er bærinn. En það mætti halda að við hefðum ferðast aftur í tímann!

Hvað ætli pabbi eigi við með *að ferðast aftur í tímann?*



Bóndabærinn var eins og nýr. Veggirnir heilir, rúðurnar óbrotnar, járnkarlarnir glansandi eins og glænýir. Inni fyrir var stofan eins og nýinnréttuð og hvergi sást vottur af veggjakroti.

– Hver hefur gert þetta? spurði pabbi hennar forviða út í loftið. Hvernig er þetta hægt?

Hann hafði ekki fyrr sleppt orðunum þegar skrölt heyrðist úr næsta herbergi. Feðginin læddust varlega að dyragættinni og litu inn fyrir. Þar sat einhver við skrifborð og sneri bakinu í þau. Hann virtist vera klæddur í járnföt.

Hver ætli hafi setið við skrifborðið?


– Góða kvöldið, sagði pabbi kurteislega. Býrð þú hér?

– Já, var svarað vélrænni röddu.

– Ertu bara einn hérna?

– Ég bý með föður mínum, hélt röddin áfram, en hann er ekki heima.

– Við erum úr kaupstaðnum, hélt pabbi áfram, ég heiti Kristófer og þetta er Þóra, dóttir mín.




Þóra faldi sig á bak við pabba sinn. Dularfulli maðurinn sat hreyfingarlaus.


– Hvað heitir þú? hélt Kristófer pabbi áfram.

Maðurinn ýtti stólnum frá borðinu, stóð á fætur og sneri sér við til að heilsa þeim. Hann var ekki í neinum járnfötum, heldur gerður úr járni frá toppi til táar en minnti annars alfarið á mannveru og var gjörólíkur járnkörlunum úti. Augun glóðu eins og sprittkerti, nefið var lítið eins og sveppur og munnurinn minnti helst á pínulitla bréfalúgu sem hreyfðist ekkert þegar hann talaði.

– Vélmar heiti ég, svaraði vélmaðurinn. Gleður mig að kynnast ykkur.

Hver ætli hafi verið faðir Vélmars?





Einmana vélmenni

– Vitið þið hvar Friðfinnur er? Vitið þið hvenær hann kemur aftur heim? Hafið þið séð Friðfinn?

Pabbi reyndi eftir bestu getu að forðast spurningarnar um Friðfinn en þegar Vélmar spurði í tuttugasta sinn andvarpaði hann og ákvað loks að svara.

– Friðfinnur gamli er … farinn, útskýrði hann varfærnislega. Vélmar leit upp frá borðinu.

– Hvert fór hann? Í hvaða átt? Ég þarf að finna hann.

Hvert var Friðfinnur farinn?

– Hann fór langt burt, á stað þangað sem enginn getur fylgt honum, hélt pabbi áfram, en hann hefur það örugglega ágætt.

– Ég skil ekki, svaraði Vélmar kaldri röddu, ég vil finna hann.

– En … það er bara ekki hægt, sagði pabbi, því þú verður að skilja að Friðfinnur – faðir þinn – er … er …

– Dáinn, botnaði Þóra litla. Hann er horfinn, sofandi og vaknar aldrei aftur.

Vélmar sat þögull. Það suðaði í höfðinu á honum.

– Þegar við mannfólkið verðum mjög gömul, hélt hún áfram, gefst líkaminn okkar upp og við hættum að lifa.

– Ég get örugglega gert við hann, hvíslaði Vélmar með hálfbrotinni röddu, ég er mjög góður að smíða.

Þóra vorkenndi skrítna vélmanninum og vildi óska að hún gæti látið honum líða betur.

– Mér þykir það leitt, Vélmar, sagði hún, en enginn getur breytt því. Svona er bara lífið.

– Leyfið mér að vera í friði, muldraði vélmennið, ég þarf að hugsa.

Af hverju vildi Vélmar fá að vera í friði?

Feðginin kinkuðu kolli, kvöddu kurteislega og læddust út.

– Við ættum að kíkja aftur til hans í fyrramálið, sagði Þóra þegar þau voru komin aftur upp í bílinn.

– Endilega, svaraði pabbi hennar, ég verð að koma með myndavélina mína og taka þetta upp, fólk verður að heyra af þessu! Ættum við að hringja í blöðin? Nei, við ættum fyrst að rannsaka þetta betur sjálf. Skilurðu hvað þetta þýðir? Alvöru vélmenni! Ég vissi að Friðfinnur væri snillingur!

Þóru leist ekkert á æsinginn í pabba sínum.

Af hverju ætli pabbi hafi verið svona æstur?





– Leyfum honum bara að vera í friði, sagði hún, að minnsta kosti fyrst um sinn. Hann er eitthvað svo sorgmæddur. Hann vill örugglega ekki fara í fréttirnar.

Pabbi iðaði í skinninu og vildi helst segja öllum frá þessu en lofaði að halda rónni. Hann gat samt engan veginn sofnað og velti Vélmari fyrir sér langt fram eftir nóttu, þar til hann sofnaði loks á stofusófanum í öllum fötunum. Þóra lá sjálf andvaka hálfa nóttina og hugsaði um hvað Vélmar væri að hugsa, einn og yfirgefinn í gamla húsinu sínu. Svo hvarf hún líka inn í draumalandið.

Af hverju átti Þóra erfitt með að sofna?

Eldsvoði

Þóra vaknaði eldsnemma næsta morgun
við hrikaleg læti. Hún stökk fram úr og kíkti
út um gluggann. Lögreglubíll, slökkviliðsbíll
og sjúkrabíll komu brunandi í gegnum bæinn.
Gamli bóndabærinn stóð í ljósum logum.
Þóra vakti pabba sinn og saman hlupu þau
út í bíl og þutu á eftir blikkandi fylkingunni.



Þau stoppuðu við leynihlerann til að gá hvort Vélmar væri óhultur en dauðbrá við að finna allar tölvurnar mölbrotnar, húsgögnin í rúst og engan vélmann. Þau hlupu því næst niður að bæjarstæðinu, þar sem slökkviliðsmennirnir voru á fullu að sprauta vatni á bálið.
– Haldið ykkur frá! kallaði lögreglukona þegar hún sá Þóru og pabba hennar hætta sér of nærri eldsvoðanum.



– En vinur okkar er þarna inni! öskraði Þóra á móti.

– Hvað segirðu? svaraði lögreglukonan og kallaði á slökkviliðsmennina að koma fljótt.

– Það er einhver inni! sagði hún.

– Í alvöru? svaraði slökkviliðsmaðurinn. Við héldum að þetta væri eyðibýli!

Hann fór að búa sig undir að ráðast inn í bálið þegar pabbi skarst í leikinn.

– Já, það er maður þarna inni, útskýrði hann hikandi, eða svona, þannig séð – hann er örugglega þarna en hann er ekki beint maður, skiljiði … meira svona vélmenni.


– Á þetta að vera fyndið? svaraði slökkviliðsmaðurinn pirraður. Ég ætla ekki að hætta lífi mínu fyrir einhverja svona vitleysu!

Hvað pirraði slökkviliðsmanninn?

Hann sneri sér aftur að vatnsbununni. Lögreglukonan rak feðginin burt frá bænum. Pabbi maldaði eitthvað í móinn en Þóra starði í allar áttir, í von um að koma auga á Vélmar.

– Sjáðu, pabbi! hrópaði hún loks og benti út eftir strandlengjunni. Einsömul mannvera gekk hægum skrefum í átt að hafinu. Þau hlupu eins og fætur toguðu og rétt náðu Vélmari áður en hann gekk út í sjóinn.

– Stoppaðu! kölluðu þau í kór. Hvað ertu eiginlega að gera?



– Ég ætla að hitta Friðfinn, svaraði hann með sömu vélrænu röddinni og áður. Ég ætla að fara þangað sem hann fór með því að eyðileggja vélina mína.

Þóra stökk í veg fyrir hann.

– Ekki gera það, sagði hún og snerti ískalda málmbringuna þar sem hjartað væri í venjulegum manni.

– En ég get ekki verið til án hans, svaraði Vélmar. Ég get ekki verið einn.

– Þú þarft ekkert að vera einn, svaraði Þóra og tók utan um hann. Vélmar stóð fastur í sporunum. Hann hafði aldrei verið faðmaður svona áður.

– Þú getur verið hjá okkur ef þú vilt. Er það ekki, pabbi?

– Svo sannarlega, svaraði pabbi hennar með bros á vör, og ég veit nákvæmlega hvar þú getur búið!

Hvar skyldi pabbi ætla að láta Vélmar búa?



Listamaðurinn

– Kæru gestir, verið velkomin á opnun á sýningu Kristófers Klængs hér á Seyðisfirði!

Hver var Kristófer Klængur?

Eigandi listagallerísins skálaði fyrir pabba hennar Þóru og kallaði því næst listamanninn til sín, við mikinn fögnuð gesta. Húsið var fullt af fólki sem var komið til að dást að tröllkarlinum.

– Þakka ykkur kærlega fyrir, sagði pabbi og hneigði sig, ég vona að ykkur líki verkið mitt. En annars langar mig fyrst og fremst til að kynna fyrir ykkur annan hluta af þessari sýningu: nýjan starfsmann sem mun vinna hér og hjálpa til við sýningar, mikinn listasmið sem er jafnframt listaverk í sjálfu sér.



Þóra stóð við hlið móður sinnar, sem var komin frá Reykjavík til að vera viðstödd opnunina. Þær fylgdust spenntar með þegar pabbi gaf merki og Vélmar gekk hægum skrefum inn í galleríið úr bakherberginu.

– Leyfið mér að kynna fyrir ykkur góðan vin minn, Vélmar Friðfinnsson!

Gestirnir stóðu stjarfir og skildu hvorki upp né niður í neinu en um leið og Vélmar byrjaði að tala náði hann að heilla þau öll upp úr skónum. Hann sagði þeim frá pabba sínum, Friðfinni gamla, og hvernig hann hefði eytt hálfri ævinni í að búa sig til.

Hvað merkir *að skilja hvorki upp né niður í neinu?*

– Hann elskaði mig eins og alvöru barn, kenndi mér að tala, lesa, smíða og finna upp vélar og ég sakna hans sárlega.

– Vélmar fékk líka að búa til listaverk fyrir þessa opnun, greip pabbi inn í, og við höfum fengið góðfúslegt leyfi bæjarins til að stilla því upp hér á lóðinni fyrir framan!

Vélmar, Þóra og foreldrar hennar leiddu gestina út úr galleríinu og að skínandi fagurri járnstyttu sem var svo raunveruleg að í fyrstu hélt fólkið að um væri að ræða annan vélmann.

– Hér fær faðir minn að standa, svo allir geti munað eftir honum, útskýrði Vélmar og leit stoltur upp til styttunnar sem hann hafði smíðað af Friðfinni gamla. Gestirnir klöppuðu og hrópuðu margfalt húrra fyrir þeim feðgum og að athöfninni lokinni vildu allir fá að tala við vélmennið góða.

Vélmar varð frægur um alla sveitir og fólk ferðaðist langar leiðir til að koma og sjá hann með eigin augum.



Um hvaða feðga er verið að tala?



Vélmar bjó áfram í galleríinu og var ánægður að fá að hjálpa til bæði við listasmíðar og hverja þá vinnu sem til féll í þorpinu. Stundum fékk hann að halda sínar eigin sýningar og þá var alltaf fjölmennt á safninu.

Þóra fór aftur heim til Reykjavíkur eftir að sumrinu á Seyðisfirði lauk en kom mörgum sinnum í heimsókn eftir það. Hún þreyttist ekki á að segja vinum sínum söguna af því þegar hún fann vélmennið fræga falið ofan í jörðinni. Vélmar var alltaf jafnglaður að sjá hana og gleymdi aldrei faðmlaginu sem hún hafði gefið honum á ströndinni því undir ískaldri járnbringunni sló hlýtt vélhjarta sem fann nú loksins aftur fyrir hamingju.



Myndirnar hennar Þóru.

Viltu vita meira?

Hvað eru vélmenni?

Vélmenni eru sjálfvirkar vélar sem geta apað eftir hegðun annarra og virðast vera lifandi. Vélmenni hugsa samt ekki sjálfstætt og þurfa forritun eða aðra aðstoð frá mannfólki til að hreyfa sig og tjá sig.

Ryksuguvélmennið Roomba getur unnið ýmis verk og brugðist við umhverfi sínu. Það fylgir þó ákveðinni forritun og getur ekki tekið sínar eigin ákvarðanir.



Viltu vita meira?

Hvað er gervigreind?

Gervigreind vísar til þess að tölvur og vélmenni geti hugsað sjálfstætt og orðið eins og hver önnur mannvera, með eigin vilja og eigin hugsanir – rétt eins og Vélmar í sögunni. Nú þykir líklegt að sjálfstætt hugsandi vélmenni líti dagsins ljós einhvern tímann í framtíðinni.



Litla vélmennið R2-D2 úr Stjörnustríðs-myndunum hugsar sjálfstætt og sýnir gervigreind. R2-D2 lítur kannski út eins og lifandi ruslatunna en býr yfir hugsunum og persónuleika, rétt eins og lifandi vera.

Viltu vita meira?

Hvað eru uppvakningar?

Þóra heldur í fyrstu að Vélmar sé uppvakningur enda eiga þeir margt sameiginlegt með vélmennum.

Uppvakningar eða zombíur hafa verið áberandi í bíómyndum og tölvuleikjum síðustu ár en eflaust þekkja margir ekki uppruna þeirra.





Viltu vita meira?

Zombíur koma upprunalega frá eyjunni Haítí og eru hluti af þjóðsagnahefðinni þar. Þar voru zombíur nokkurs konar þrælar undir stjórn galdramanna sem gátu stýrt þeim eins og vélmennum og látið þær vinna fyrir sig ýmis verk.

Uppvakninga má líka finna í gömlum íslenskum þjóðsögum og eru svipaðir draugum og fylgjum. Þeir eru lifandi dauðir líkamar sem geta stundum hugsað sjálfstætt en oftast nær geta þeir ekkert hugsað og hreyfa sig eins og forritaðar vélar. Í bíómyndum hugsa þeir aðallega um að borða annað fólk.



Viltu vita meira?

Saga vélmenna

frá fornöld til okkar samtíma



4. öld fyrir Krist

Forn-gríski spekingurinn Arkýtas býr til **vélrænan fugl** sem er líklega fyrsta vélmennið í mannkynssögunni. Fuglinn var smíðaður úr tré, gufuknúinn og gat svifið mest tvö hundruð metra í einu.

1206

Mið-austurlenski uppfinningamaðurinn Al-Jazari smíðar **tónlistar-vélmenni** sem voru knúin áfram af vatnsorku. Vélmennin voru á báti, léku á trommur, hörpu og flautu.



1495

Ítalski uppfinningamaðurinn Leonardo da Vinci smíðar **vélriddara** í fullum herklæðum, sem gat staðið, setið, opnað hjálminn og hreyft handleggina. Honum var stýrt af handföngum og vírum.

Viltu vita meira?

1770

Svissneski úrsmiðurinn Pierre Jaquet-Droz hannar og smíðar þrjú **dúkkuvélmenni**: eitt spilar á orgel, annað teiknar myndir og þriðja skrifar á blað. Dúkkurnar eru elstu vélmennin í heiminum sem enn virka.




1932


Fyrsta vélmennaleikfangið kemur á markað í Japan: „Lilliputinn“ var upptrekktur og gat gengið.

1969

Tölvutækni og vélmennatækni er notuð til að koma fólki til tunglsins!




Viltu vita meira?



1977

Fyrsta **Stjörnustríðsmyndin** kemur út, með tveimur vélmennum í aðalhlutverkum, og kynnir almenning fyrir hugmyndinni um veröld þar sem menn og vélmenni lifa saman og eru jafnvel vinir.



2010

Robonaut 2, vélmenni með hendur, fætur og höfuð, er smíðað af NASA og sent um borð í geimstöð á braut um Jörðu, þar sem það sinnir ýmsum verkefnum. NASA er Bandaríska geimvísindastofnunin.

Viltu vita meira?

2015

Vélmenni sinna nú ólíkum störfum meðal mannfólksins, við framleiðslu, rannsóknir, flutninga, nákvæmisvinnu, bæði úti í geimnum og á Jörðu niðri.

Ekkert vélmenni sýnir raunverulega gervigreind á við Vélmar. Margir vísindamenn eru þó sammála um að slík vélmenni gætu litið dagsins ljós í náinni framtíð.



Hver veit nema þið, lesendur góðir, munið einhvern tímann eignast vélmenni að vin?

Spjallið saman um söguna.

- Hvers vegna fór Þóra austur á Seyðisfjörð?
- Við hvað starfaði pabbi hennar?
- Hvernig er húsinu sem pabbi bjó í lýst?
- Hvað gerðist óvænt í sögunni?
- Hvers vegna fór Vélmar í burtu?
- Hvað gerði Vélmar til minningar um föður sinn?

Getið þið fundið út hvaða orð þetta eru?


ur vakn ing upp

vi ger nd grei

nn l me vé i



Útskýrið orðin með ykkar eigin orðum.



- Farið á netið og fræðist meira um vélmenni og uppvakninga.
- Þið getið t.d. slegið inn **vélmenni**, **uppvakningar**, **zombis**, **c3po** og **Star Wars**.

Skrá yfir rétthafa © ljósmynda

bls. 46	Ekaterina Minaeva/ Shutterstock
bls. 47	Shelly Wall/ Shutterstock
bls. 48	BortN66/ Shutterstock
bls. 48-49	HuHu/ Shutterstock
bls. 50 efst	Marie-Lan Nguyen/ Wikimedia
bls. 50 neðst	Erik Möller/ Wikimedia
bls. 51 efst	Rama/ Wikimedia
bls. 51	NikoNomad/ Shutterstock
bls. 52 efst	Mastroraf/ Dreamstime
bls. 52 neðst	NASA/ Wikimedia
bls. 53	Willyam Bradberry/ Shutterstock



Sestu og lestu

Áður eru komnar út í flokknum



Bækurnar eru líka til sem rafbækur
á vefsíðu Námsgagnastofnunar
www.nams.is

Sestu og lestu

Vélmennið í grasinu

Vélmennið í grasinu er fimmta bókin í flokknum *Sestu og lestu.*

Efnið er ætlað börnum á yngsta- og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tökum á undirstöðuatriðum lestrar.

Því er ætlað að vekja með börnunum lestrargleði og áhuga og kynna fyrir þeim mismunandi framsetningu texta.

Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði.

Höfundur er Gunnar Theodór Eggertsson.
Myndir teiknaði Ari Hlynur Guðmundsson.



Námsgagnastofnun
05201

ISBN-13: 978-9979-0-1956-5
9 789979 019565